



Framkvæmda- fréttir 12. tbl. /03

Samgönguáætlun 2003 - 2014

Sjá tvö kort inni í blaðinu



Vestfjarðavegur í Dynjandisvogi.

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1) um Klifanda, vegur og varnargarðar 03-053

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð Hringvegar (1) í tengslum við brúarbyggingu við Klifanda, sem og gerð varnargarða. Nýbygging vegar er um 0,8 km og varnargarðar alls um 1,1 km.

Helstu magntölur: fyllingar í varnargarða 15.600 m³, skeringar 2.520 m³, neðra burðarlag óunnið efni 12.840 m³, efra burðarlag unnið efni 1.065 m³, girðingar 700 m, rif brúar 104 m, tvöföld klæðing 6.130 m², ofanafýting í námu 1.600 m³, grjótvörn 5.550 m³.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 14. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 5. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata – Ásbraut, eftirlit 01-016

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í eftirlit með færslu Reykjanesbrautar milli Lækjargötu og Ásbrautar. Í verkinu er einnig innifalið eftirlit með gerð mismægra gatnamóta við Kaldárselsveg, gerð steinsteyprtar göngubrúar og gerð undirganga undir Reykjanesbrautina ásamt gerð rampa og stíga er verkinu tilheyrja.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. júlí 2004.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 14. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 mánudaginn 12. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður mánudaginn 19. maí 2003 kl. 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 12. tbl. 11. árg. nr. 334 14. apríl 2003

Ritstjórn og umsjón útgáfu:

Viktor Arnar Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:

Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:

Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7


105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is


Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsfrankvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldlaus.

Samgönguáætlun fyrir árin 2003 - 2014

Helstu verkefni í vegagerð

Innifalið er viðbótarfé veitt til eflingar atvinnutækifæra 2003





Breikkun brúa á Norðurlandi eystra
Til dæmis þarf að breikka brú á
Skjálfandafljót hjá Fosshóli.
3. tb. 100 m.kr.

Breikkun brúa á Austurlandi
3. tb. 50 m.kr.

Skýringar:


- Framkvæmdakafli
- - - Framkvæmdakafli - lega óviss
- Bundið slitlag á þjóðvegum í árslok 2002
- Malarslitlag á þjóðvegum í árslok 2002

tb. = tímabil
Upphæð = fjárveiting á tímabili

Nokkrir kaflar sem hér eru tilgreindir hafa ekki nægar fjárveitingar til að þeim ljúki á 3. tímabili.

1. tímabil				2. tímabil				3. tímabil			
2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014

09.04.03.JG



Göngubrýr og undirgöng
 1. tb. 240 m.kr.
 3. tb. 240 m.kr.

Smærri verk og ófyrirséð
 1. tb. 240 m.kr.
 2. tb. 300 m.kr.
 3. tb. 400 m.kr.

1. tímabil			2. tímabil				3. tímabil				
2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	03
03-055 Sl. Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili	03
03-054 Sl. Uxahryggjarvegur (52) um Sandklufftarvatn	03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Reynishverfi	03
03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Grindarkrókur	03
03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kambsnes - Hattardalur	03
03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri	03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli	03
03-042 N.ey. Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir	03
02-100 N.v. Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003	03
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48) endurbygging. II. áfangi	03
03-022 Au. Styrkingar og mölbúður á Austurlandi 2003	03
03-040 N.ey. Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Mannaskarð	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03
03-037 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur	03
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	03
02-067 Sl. Efnisvinnsla á Suðurlandi 2003	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005	03
03-001 Vf. Djúpvegur (61), Kleifar - Hestur	04.03
02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711) Tjarnará - Þórsá 2003	04.03
02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76) um Hofsa 2003	04.03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	04.03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Vífilsstaðavegur	04.03
03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði	04.03
03-061 N.ey. Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004	04.03
03-003 Sl. Festun og yfirlögn á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra 2003-2004	04.03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004	14.04.03 05.05.03
03-008 Vf. Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004	14.04.03 05.05.03
03-065 Vl. Útnesvegur (574), Saxhóll - Gufuskálamoða	14.04.03 05.05.03

Útboð sem hafa v. auglýst, framh.	Auglýst:	Opnað:
03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing	14.04.03	05.05.03
03-053 Sl. Hringvegur (1) um Klifanda, vegur og varnargarður	14.04.03	05.05.03
03-057 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut, eftirlit	14.04.03	12.05.03
03-041 Au. Norðausturvegur (85), Öxarfjarðarheiðarvegur - Arnarstaðir	07.04.03	28.04.03
03-062 Vf. Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bíldudalur, og bleyting í Barðastrandasýslu.	07.04.03	28.04.03
03-039 Sl. Þjónusta vega, snjómokstur og hálkuvörn í Rangárvallasýslu (Þjórsá-Markarfljót) 2003-2008	07.04.03	05.05.03
03-051 Sl. Sólheimavegur (354) 2003	31.03.03	14.04.03
03-036 Sl. Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003	31.03.03	14.04.03
03-050 Sl. Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Foss - Einholtsvegur	31.03.03	14.04.03
03-058 Sl. Vaðnesvegur (3745), frá Biskupstungnabraut að ristarhliði Vaðness	31.03.03	14.04.03
03-011 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik	31.03.03	14.04.03
03-060 Vf. Áhaldahús Patreksfirði, viðhald 2003	31.03.03	14.04.03
03-059 Vf. Súgandafjarðarvegur (65), um Staðará	31.03.03	14.04.03
03-038 N.v. Yfirborðsmerkingar, sprautumössun 2003-2004	31.03.03	14.04.03
02-101 N.v. Víðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003	31.03.03	14.04.03
02-103 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003	31.03.03	14.04.03
03-029 N.ey. Hafnarvegur Húsavík (859), Norðausturvegur - Norðurgarður	31.03.03	14.04.03
03-021 Au. Yfirlagnir á Austurlandi 2003	31.03.03	14.04.03
01-016 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut	24.03.03	28.04.03
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	24.03.03	22.04.03
03-003 Vf. Strandavegur (643), Ásmundarnes - Illaholt	24.03.03	14.04.03
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-002 Vf. Hólmavíkurvegur (67) Djúpavegur - Höfðatún	17.03.03	31.03.03
03-043 N.ey. Kísilvegur (87) um Geitafell	17.03.03	31.03.03
03-044 Vl. Skorradalsvegur (508), Dragavegur - Hvammur, 1. áfangi	17.03.03	31.03.03
03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfræðarstaðir - Þórisvatn	17.03.03	31.03.03
03-030 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós	10.03.03	31.03.03
03-015 Rn. Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, hönnun	03.03.03	31.03.03
03-018 Au. Suðurfjarðavegur (96), Handarhald - Hundapúfa	10.03.03	24.03.03

Útboð á samningaborði, framh.	Auglýst:	Opnað:
03-028 N.ey. Aðaldalsvegur (845), Helgastaðir - Lindahlíð	10.03.03	24.03.03
03-006 VI. Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut - Laugarholt	03.03.03	17.03.03
03-005 VI. Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003	24.02.03	10.03.03
02-019 VI. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	17.02.03	10.03.03
03-027 VI. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð, niðurekstrarstaurar	10.02.03	24.02.03
Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
03-024 N.v. Yfirborðsmerkingar, sérmerkingar í Reykjanesumdæmi 2003-2004 <i>Vegamál ehf., Reykjavík</i>	24.03.03	04.04.03
03-004 VI. Djúpvvegur (61), Þorskaufjarðarvegur - Sóleyjarhvamur <i>Kubbur ehf., Ísafirði</i>	10.03.03	04.04.03
03-023 N.v. Yfirborðsmerkingar með vegmálningu 2003-2004 <i>Vegmerking ehf., Reykjavík</i>	10.03.03	26.03.03
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata -Tjarnargata á Siglufirði <i>Tilboði hafnað</i>	17.03.03	
02-099 N.v. Fitjavegur (714) Ásland - Miðfjarðarvegur <i>Steypustöð Blönduóss ehf.</i>	10.03.03	07.03.03

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004

03-008

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004.“

Helstu magntölur: yfirlögn 340.000 m², flutningur steinefnis 10.000 m³, flutningur bindiefnis 1.600 tonn.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánuðeginum 14. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánuðaginn 5. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir á Reykjanesi 2003, klæðing

03-012

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Yfirlagnir á Reykjanesi 2003, klæðing“.

Helstu magntölur eru: einföld klæðing með flokkaðri mól: 90.000 m².

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánuðeginum 14. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánuðaginn 5. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlit yfir verkefni við mat á umhverfisáhrifum

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar um mat á umhverfisáhrifum sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fyrirhugaðar tilkynningar um verk í viðauka 2

Áætlað:

dagur, mánuður, ár

Norðfjarðarvegur um Hólmaháls	06.03
Vatnsdalsvegur, Hof - Hjallaland	06.03
Göngubrú á Jökulsá í Lóni	04.03
Hringvegur um Stafholtstungur (beðið úrskurðar)	03.03

Fyrirhugaðar matsáætlanir

Áætlað:

Gatnamót Nesbrautar og Kringlumýrabrautar	04
Færsla Reykjanesbrautar við Straumsvík	03
Breiðholtsbraut, Selás – Jaðarsel	03
Reiðvegur, Akureyri - Melgerðismelar	03
Norðausturvegur, Teigur - Brunahvamsháls	07.03
Vestfjarðavegur um Gufudalssveit	05.03
Gjábakkavegur	05.03
Hringvegur, Víkurvegur – Skarhólabraut	04.03
Hringvegur, Hveradalabrekka – Litla kaffistofa	04.03
Útnesvegur um Klifhraun (Beðið úrskurðar um matsáætlun - skýrsla í júní ?)	03.03

Samþykktar matsáætlanir

Áætlun Skýrsla samþykkt fyrirhuguð

Öxarfjarðarheiði	08.10.02	04
Sundabraut, 1. áfangi	20.02.01	07.03
Suðurstrandarvegur frá Þorlákshöfn til Grindavíkur	15.06.01	04.03
Djúpvvegur, Eyri – Látur	06.05.02	03.03

Auglýstar skýrslur

Auglýst:

Færsla Hringbrautar við Landspítala	28.03.03
Arnarnesvegur, Reykjanesbraut – Breiðholtsbraut	14.02.03
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	07.02.03

Nýlegir úrskurðir

Úrskurðað:

Reykjanesbraut, Fifuhvammsvegur – Álftanesvegur	27.11.02
---	----------

Útnesvegur (574),

Saxhóll - Gufuskálamóða

03-065

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Útnesvegur (574), Saxhóll - Gufuskálamóða“.

Lengd kafla 5,8 km.

Helstu magntölur: skeringar 3.400 m³, fyllingar 13.500 m³, neðra burðarlag 13.000 m³, efra burðarlag 6.300 m³, klæðing 36.000 m².

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 15. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 mánuðaginn 5. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Norðausturvegur, Öxarfjarðarheiðarvegur - Arnarstaðir

Í síðasta tölublaði var auglýst útboð Norðausturvegar í Öxarfirði, á milli Öxarfjarðarheiðarvegur og Arnarstaða, 10,8 km auk bráðabirgðatengingar, alls 12,5 km. Þessari framkvæmd var flýtt vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf. Tilboð verða opnuð mánudaginn 28. apríl og skal verki vera að fullu lokið 15. september.

Framkvæmdin er ekki matsskyld samkvæmt lögum og telur Vegagerðin umhverfisáhrif fremur lítil nema hvað varðar betri samgöngur og bætt umferðaröryggi vegfarenda. Með bundnu slitlagi á kaflanum lengist sá hluti Norðausturvegar sem uppfyllir kröfur um góðar samgöngur. Búast má við að umferð ferðamanna um svæðið muni aukast með bættum vegasamgöngum.

Ársdagsumferð árið 2002 á vegarkaflanum var 128 bílar/dag. Sumardagsumferð var 172 bílar/dag og vetrardagsumferð var 99 bílar/dag. Meðalhluftfall þungra bifreiða er milli 10-15%.

Nýr vegur er 10,8 km langur. Vegarkaflinn hefst um 0,4 km sunnan við vegamót Norðausturvegar og Öxarfjarðarheiðarvegur og endar um 1,5 km norðan við fiskeldisstöðina Silfurstjórnuna. Miðlína nýs vegar liggur víðast hvar innan núverandi vegar

Hönnunarhraði er 90 km/klst. Nýr vegur verður breiðari og nokkuð hærri en núverandi vegur til að minnka snjósofnun á vegi. Hæðarlega vegarins verður löguð á snjóastöðum og planlega hans verður löguð í langri beygju við stöð 9.800 til að bæta öryggi vegfarenda.

Efnistaka er að mestu fyrirhuguð úr tveimur námum, námu við Þverá og opinni námu við brú yfir Jökulsá í Öxarfirði. Efnistaka úr námu við Þverá verður 70-80.000 m³ og mun náman ná samtals yfir rúmlega 49.000 m³ svæði.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), Víkurvegur – Skarhólabraut, hönnun 03-015

Tilboð opnuð 7. apríl 2003. Reykjanesumdæmi. For- og verkhönnun á tvöföldun þjóðvegur nr. 1, Hringvegur, milli Víkurvegur í Reykjavík og Skarhólabrautar í Mosfellsbæ, um 3,5 km ásamt tveimur hringtorgum.

Val ráðgjafa fer fram á grundvelli hæfnisvals og bar þjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni ráðgjafa og verðtilboð.

Um verkið gilda Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf, ÍST 35, 1. útgáfa 1992-03-01.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu. Verkhönnun skal lokið fyrir 1. desember 2003.

Tilboð eru birt í þeirri röð sem þau voru lesin upp

Línuhönnun hf. verkfræðistofa, Reykjavík, hæfnismat: 64 tilboðsupphæð: 27.257.000
Hönnun hf., Reykjavík, hæfnismat: 64 tilboðsupphæð: 29.242.000
Hnit hf. verkfræðistofa, Reykjavík, hæfnismat: 64 tilboðsupphæð: 28.096.000
Fjölhönnun ehf. verkfræðistofa, Reykjavík, hæfnismat: 63 tilboðsupphæð: 28.692.574
V.S.Ó. ráðgjöf ehf., Reykjavík, hæfnismat: 64 tilboðsupphæð: 26.425.000

Auglýsingar útboða

Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004 03-066

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004“.

Helstu magntölur: efnisvinnsla á 67.700 m³ í 11 námum.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 15. apríl 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 mánudaginn 5. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.